

*bœnda*  
FERÐIR

## VESEN Á SKÍÐUM Í FLACHAU



**18. - 25. febrúar 2022**  
**Fararstjóri: Einar Skúlason**

Hreyfiferð  
Austurríki | Þýskaland

## Ferðalýsing

Skíðaparadísin **Flachau** liggur í allt að 1980 m hæð yfir sjávarmáli en svæðinu tilheyrja hinir þekktu skíðabæir **Wagrain, Zauchensee, Altenmarkt, Flachauwinkl** og **Kleinarl**, sem eru Íslendingum að góðu kunnir. Skíðasvæðið sem nefnist **Ski Amade** er með samtals 760 km af **snjóhvítum skíðabrekkum** við allra hæfi og með 270 skíðalyftum. Flögið er með Icelandair til Salzburg og ekið þaðan sem leið liggur til Flachau. Gist er á fjölskyldureknu hóteli í austurrískum stíl þar sem **morgunverðarhlaðborð og fjögurra rétta kvöldverður** með salathlaðborði er innifalið. Hótelið er einnig með huggulega heilsulind. Það tekur aðeins nokkrar mínútur að ganga að næstu skíðalyftu en einnig er hægt að taka skíðarútu fyrir utan hótelið til að komast á önnur skíðasvæði. Hægt er að skíða milli svæða með sama skíðakortinu. Fararstjóri er með hópnum alla ferðina, gista á sama hóteli og sjá um að skipuleggja skíðaferðir fyrir þá sem það vilja.

### 8 dagar | 7 nætur í Flachau

#### Skíðasvæðið

Skíðaparadísin Flachau er hluti af Salzburgerland í Austurríki og tilheyrir einnig stórskiðasvæðinu Amadé. Með einum skíðapassa er hægt að ferðast milli svæða með 760 km af skíðabrekkum og 270 lyftum af öllum gerðum. Á Flachau svæðinu sjálfu er að finna yfir 120 km af skíðabrekkum og fjölda skíðalyfta sem flytja fólk á milli fjölbreyttra skíðabrauta. Brekkurnar teygja sig frá 920 m upp í 1980 m hæð, og henta þær jafnt byrjendum sem lengra komnum. Einn af fjölmörgum kostum Flachau er að hægt er að skíða á milli bæjanna Wagrain, Alpendorf in St. Johann og einnig er auðvelt að taka skíðarútuna yfir til Zauchensee, sem er annað stórglæsilegt skíðasvæði með frábærum brekkum. Fyrir snjóbreittaíðkendur eru glæsilegir og fjölbreyttir snjóbrettagarðar. Fararstjórar munu aðstoða við leigu á skíðum, kaupum á skíðapassa og skráningu í skíðaskóla sé þess óskað. Hér má skoða [vefsíðu Amadé svæðisins](#) og [vefsíðu Flachau](#).



#### Hótelið

Hotel Alpenwelt er 3\*\* alpahtel í austurrískum stíl. Hótelið er heimilislegt með 48 herbergjum og eru öll herbergin með sturtu/baðkari, gervihnattasjónvarpi, öryggishólfi, hárfurrku, míníbar, síma og nettengingu. Öll herbergin eru með svölum. Á hótelinu er einnig heilsulind með mismunandi gufuböðum og svæði þar sem gott er að slappa af eftir góðan dag í fjöllum. Í kjallara hótelsins er að finna skíðageymslu með upphitaðri skógeymslu. Hótelið er staðsett á rólegum stað, stutt ganga er í nærliggjandi verslanir, aprés-ski bari, pósthús og apótek. Það tekur einungis



nokkrar mínútur að ganga að næstu skíðalyftu á svæðinu og einnig er hægt að taka frían skíðastrætó sem stoppar við hótelið á nærliggjandi skíðasvæði.

Hér má finna [vefsíðu hótelsins](#).

## Flugið

Flogið verður með Icelandair til Salzburg þann 18. febrúar. Brottför frá Keflavík kl. 8:00 en mæting í Leifstöð u.þ.b. 2,5 klst fyrir brottför. Lending í Salzburg kl. 12:50 að staðartíma. Frá flugvellið í Salzburg eru um 70 km til Flachau svo gera má ráð fyrir að rútuferðin taki um 1 klst. Á brottfarardegi er flogið heim kl. 14:00 frá Salzburg. Lending á Íslandi kl. 17:15.

## Verð

**272.900 kr. á mann í tvíbýli** | 34.700 kr. aukagjald fyrir einbýli.

## Innifalið:

- ✓ Flug með Icelandair til Salzburg og flugvallarskattar.
- ✓ Rútuferð milli flugvallarins í Salzburg og beint á hótelið í Flachau.
- ✓ Gisting í tveggja manna herbergi með baði á 3\*<sup>superior</sup> hóteli í Flachau.
- ✓ Morgunverðarhlaðborð með heilsuhorni.
- ✓ Vel útilátinn fjögurra rétta kvöldverður ásamt salathlaðborði.
- ✓ Aðgangur að heilsulind.
- ✓ Íslensk fararstjórn.



## Ekki innifalið:

- ✓ Skíðapassi (6 daga skíðapassi fyrir fullorðinn ca € 300).
- ✓ Aukagjald fyrir skíði í flug, 4.700 kr.
- ✓ Hádegisverðir.
- ✓ Forfalla- og ferðatrygging.

